

Stjórnarfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs

haldinn á þingflokkskrifstofu Vinstri grænna fimmtudaginn 12. desember 2014 kl. 16.00

Mætt: Katrín, Sóley, Svandís, Ólafur Þór, Bjarkey og Líf. Sóley Björk, Edward og Björn Valur voru í síma. Jafnframt sátu þær Þóra Elfa og Lísía fundinn, frá EVG og skrifstofu hreyfingarinnar.

1. Samþykkt síðustu fundargerðar
2. Frágangur skuldabréfa vegna Hamraborgar 1-3. Katrínu og Hildi veitt umboð til að ganga frá öllum nauðsynlegum skjölum vegna sölunnar. Jafnframt samþykkt yfirlýsing vegna sölunnar um að hlutur svæðisfélagsins í Kópavogi verði greiddur í febrúar 2015.
3. Dagskráin framundan
 - a. Næsti flokksráðsfundur. Samþykkt að hann verði haldinn í Reykjavík laugardaginn 7. febrúar.
 - b. Samþykkt að leggja höfuðáherslu á hugmyndasmiðjur og starf málefnaþópa fram að landsfundi.
4. Húsnæðismál og fjármál. Umræður um kosti og galla þess að leigja fast húsnæði annars vegar og sali til tækifærisfunda hins vegar. Engin ákvörðun tekin.
5. Landsfundur 2015
 - a. Staða skráninga í málefnaþópa. Lísía fór yfir skráninguna sem lýkur á sunnudag. Eftir það bera stjórnendur hópanna ábyrgð á starfi hópanna.
 - b. Lagt fram yfirlit yfir kostnað vegna síðustu tveggja landsfunda.
 - c. Lagabreytingar. Samþykkt að skipa lagabreytinganefnd á næsta fundi og fela henni afmörkuð verkefni.
6. Starfsmannamál. Samþykkt að bjóða núverandi starfsmanni hreyfingarinnar áframhaldandi ráðningu á sömu kjörum út árið 2015. Ný stjórn taki ákvörðun um framhaldið eftir landsfund.
7. Umræður um stöðu stjórnsmálanna
8. Önnur mál

Fundi slitið kl. 18.15. Næsti fundur áætlaður 9. janúar.